

# SAMANTEKT ÚR EDUCATION AT A GLANCE 2014

## Skýrsla OECD um menntatölfræði

Mats- og greiningarsvið

Mennta- og menningarmálaráðuneytið

September 2014

## Innihald


Menntunarstig.....	3
Háskólmenntuðum fjölgar og hlutfallið er sambærilegt við Norðurlönd.....	3
Færri ljúka framhaldsskóla á Íslandi en fer fjölgandi.....	5
Horfur eru á fjölgun framhaldsskólamenntaðra .....	7
Þróun menntunarstigs til 2025.....	8
Útgjöld til menntamála.....	10
Útgjöld á hvern nemanda.....	10
Þróun útgjalda á háskólastigi.....	13
Yfirlit yfir nokkra helstu tölur fyrir Ísland - samanburður við OECD.....	15

## Menntunarstig

### Háskólmenntuðum fjölgar og hlutfallið er sambærilegt við Norðurlönd.


Frá aldamótum hefur hlutfall háskólamenntaðra meðal fullorðinna farið stöðugt hækkandi. Árið 2000 voru 24% Íslendinga á aldrinum 25-64 ára með háskólagráðu en árið 2012 var hlutfallið komið upp í 35%. Í öllum löndum OECD hefur hlutfallið farið hækkandi en misjafnlega mikið, en meðaltalið var 32%. Um aldamótin var hlutfall háskólamenntaðra á Íslandi all nokkru lægra en á hinum Norðurlöndunum, en nú bregður svo við að hlutfallið er nokkurn veginn það sama á Íslandi og í Danmörku og Svíþjóð. (Tafla 1.3a og 1.4a, bls. 44)

Á aldursbilinu 25-34 ára höfðu 38% Íslendinga lokið grunnnámi í háskóla og hafði hækkað úr 30% árið 2000. Í þessum aldursflokki eru Íslendingar enn nokkrir eftirbátar Norðurlanda, þar sem hlutfall Dana er 40% og Norðmanna 45%. Meðaltal OECD er 39%. Þetta stafar af aldursdreifingu þeirra sem brautskrást með fyrstu háskólagráðu á Íslandi, nemendur eldri þegar þeir ljúka framhaldsskóla og tiltölulega stór hópur lýkur sinni fyrstu háskólagráðu eftir 30 ára aldur. (Tafla 3.1a, bls. 81)



Talsverður munur er á milli kynja að þessu leyti, því árið 2012 höfðu 28% karla á aldrinum 25-34 ára lokið fyrstu háskólagráðu en 44% kvenna, sem er 16 prósentustiga munur.<sup>1</sup> Munurinn er enn meiri í Danmörku (19%), Noregi (17%) og Finnlandi (18%) en minnstur í Svíþjóð (13%). Þótt hátt hlutfall kvenna ljúki fyrstu háskólagráðu fyrir 35 ára aldur er hlutfallið lægra en á hinum Norðurlöndunum, en hlutfallið er hæst í Noregi (54%). Menntunarstig kvenna í þessum aldursflokki hefur aukist verulega frá aldamótum og var 14 prósentustigum hærra árið 2012 en árið 2000. Þetta er svipaður munur og í Noregi og Svíþjóð en mestur var munurinn í Danmörku (18%). Finnland sker sig úr hinum Norðurlöndunum að því leyti að menntunarstig þessara aldurshópa hefur ekki aukist eins mikið og á hinum Norðurlöndunum, Finnar virðasta hafa haft forskot við aldamótin en síðan hafi dregið úr aukningunni, sem kann að vera vísbending um hvernig þróunin verður á hinum Norðurlöndunum á komandi árum.

<sup>1</sup> Tölur um kynjaskiptingu er ekki að finna í töflu í skýrslunni sjálfri en birtast í gögnum og á neti OECD.



Á Íslandi er brautskráningarhlutfallið á háskólastigi í fræðilegu háskólanámi 62%, sem er það hæsta innan OECD (á eftir Ástralíu) þar sem meðatalið er 39%. (Tafla A3.1a) Brautskráningarhlutfallið er reiknað sem samanlagt hlutfall fyrir hvert aldursár (ekki fyrir eitt tiltekið aldursár).

Brautskráningarhlutfallið er vísbending um hversu stór hópur lýkur háskólanámi á hverjum tíma sem hlutfall af mannfjölda. Þannig var á Íslandi hlutfallslega stærri hópur að útskrifast með sína fyrstu gráðu úr háskóla árið 2012 en annars staðar innan OECD ef miðað er við mannfjölda. Hlutfallið er einnig talsvert hærra en á hinum Norðurlöndunum. Brautskráningarhlutfall kvenna hér á landi var sömuleiðis hvergi hærra, eða 83%, og hlutfall karla (42%) er vel fyrir ofan meðaltal OECD.


**Brautskráningarhlutfall við fyrstu gráðu eftir kyni og löndum 2012**

	Allra	Kvenna	Karla	Án erlendra nemenda
<b>Ísland</b>	62,0	82,7	42,0	60,3
<b>Danmörk</b>	48,2	60,0	36,7	45,4
<b>Noregur</b>	45,9	58,5	33,8	45,2
<b>Svíþjóð</b>	35,2	46,9	24,0	34,4
<b>Finnland</b>	50,1	64,0	36,8	48,2

*Brautskráningarhlutfall = Summa(Hlutfall(Aldur 1) ... Hlutfall(Aldur n))*

Ef aðeins er litið á brautskráningarhlutfall þeirra sem ljúka fyrstu háskólagráðu fyrir 30 ára aldur fæst nokkuð önnur útkoma. Þá er hlutfallið 38% á Íslandi sem er mun nær því sem er á hinum Norðurlöndunum, 36% í Danmörku og Noregi, og 35% í Finnlandi. (Tafla A3.1b) Þannig að brautskráningar eftir 30 ára aldur hækkar brautskráningarhlutfallið töluvert.

Þróun brautskráningarhlutfallsins hefur verið svipuð og á hinum Norðurlöndunum eftir 1995 og eftir 2005 þá hefur hlutfallið verið hærra. Líklega á sú mikla fjölgun á háskólanemum sem var eftir 1995 eftir að leita jafnvægis og til lengri tíma má búast við því að brautskráningarhlutfallið farið lækkandi. (Tafla A3.2a, bls. 83)



Eitt af því sem hefur áhrif á brautskráningarhlutfallið er fjöldi eldri nemenda og í því sambandi er meðalaldur við brautskráningu hæstur á Íslandi í samanburði við öll OECD löndin. Meðalaldur OECD við fyrstu gráðu er 26 ár, við aðra gráðu eða framhaldsgráðu sem er í flestum tilvikum meistaragráða er meðalaldurinn 35 ár og litlu hærri fyrir doktorsgráðu. (Tafla A3.1a)


**Meðalaldur við brautskráningu á háskólastigi eftir prófgráðum 2012**

	1. gráða (BA)	2. gráða (MA)	PhD gráða
<b>Ísland</b>	30,7	35,2	35,3
<b>Danmörk</b>	27,6	29,4	35,0
<b>Noregur</b>	27,4	32,0	37,7
<b>Svíþjóð</b>	29,4	32,0	36,6
<b>Finnland</b>	29,0	31,7	38,5


Ef tekið er tillit til þess að bóklegt nám til stúdentsprófs tekur einu ári lengur hér á landi en á Norðurlöndunum þá munar ekki miklu á meðalaldri. Meðalaldurinn er nokkru hærri fyrir meistaragráðu, sem gæti skýrst af því að þeir sem sækja sér meistaragráðu hér á landi eru á ýmsum aldri. Erfitt er að bera saman meðalaldur við doktorsgráðu á Íslandi og á Norðurlöndum vegna þess að enn eru tiltölulega fáir sem ljúka doktorsgráðu hér á landi og það vantar upplýsingar um þá sem ljúka doktorsprófi erlendis.

### Færri ljúka framhaldsskóla á Íslandi en fer fjölgandi

Árið 2012 höfðu 71% á aldrinum 25 – 64 ára lokið framhaldsskóla og hafði þetta hlutfall hækkað um 8 prósentustig frá aldamótum. Í yngri aldurshópnum, 25 – 34 ára, var hlutfallið sömuleiðis 63% árið 2000 en var komið upp í 75% árið 2012. Ísland er enn sem fyrr eftirbátur Norðurlanda að þessu leyti eins og eftirfarandi myndir bera með sér. Í yngri aldurshópnum er hlutfall framhaldsskólamentaðra í kringum 90%, alls staðar nema á Íslandi. Ísland á langt í land með að ná því hlutfalli sem var við lýði um aldamótin síðustu á hinum Norðurlöndunum. (Tafla A2.1a)



Mikill munur er á menntunarstigi eftir kyni. Á Íslandi munar 10 prósentustigum á körlum og konum á aldursbilinu 25-34 ára, sem er meira bil en á hinum Norðurlöndunum, sem er frá þremur og upp í átta prósentustigum. Bæði konur og karlar eru eftirbátar jafnaldra á Norðurlöndunum á sama aldursbili. (Tafla A1.2a og A1.2b sem er ekki í skýrslunni en á vef OECD.)



Konur á Íslandi hafa aukið menntunarstig sitt verulega frá aldamótum, á aldursbilinu 25-34 ára höfðu 65% lokið framhaldsskóla árið 2000 en hlutfallið var komið upp í 80% árið 2012. Þetta er mun meiri aukning en á hinum Norðurlöndunum, en þær eiga enn eftir að ná kynsysturum sínum hvað menntunarstig varðar. Menntunarstig karla á aldrinum 25-34 ára hefur aukist um tíu prósentustig, úr 60% og upp í 70%. En sum staðar, eins og í Noregi og Danmörku hefur dregið úr menntunarstigi karla og kvenna á sama tímabili. (Tafla A2.2a)

Eins og nú er orðið alþekkt þá ljúka hvergi færri framhaldsskólanámi innan skilgreinds tíma en á Íslandi. Eftir sex ár frá innritun þá hafa 58% þeirra sem innrituðust í framhaldsskóla lokið námi með lokaprófi. Þessar tölur hafa komið fram áður, en í EAG má glögglega sjá hversu mikill munur er á Íslandi og öðrum löndum að þessu leyti. Í töflunni má sjá samanburð á Norðurlöndunum, en fyrir utan það að Ísland sker sig úr með lágt hlutfall þá skiptast hin fjögur löndin í tvo flokka, þar sem hlutföllin eru svipuð hjá Danmörku og Noregi annars vegar og Svíþjóð og Finnlandi hins vegar. (Tafla A2.4)

**Hlutfall útskrifaðra N og N + 2 árum eftir innritun í framhaldsskóla eftir löndum og kynjum 2012**

		Samtals	Karlar	Konur
Ísland	N (4 ár)	45	38	52
	N + 2	58	52	64
Danmörk	N (3-4 ár)	60	56	65
	N + 2	73	70	76
Noregur	N (3 ár)	57	49	66
	N + 2	72	68	76
Svíþjóð	N (3 ár)	72	71	75
	N + 2	80	79	82
Finnland	N (3 ár)	71	70	72
	N + 2	82	80	83

Staða nýbúa á Íslandi er sýnu verri. Í fyrsta sinn er reynt að skoða hóp innflytjenda og annarrar kynslóðar innflytjenda. Aðeins eru til tölur frá 8 löndum, en þeirra á meðal eru öll Norðurlöndin. Töluverður munur er á Íslandi og hinum Norðurlöndunum að þessu leyti. Eftir fjögur ár hafa 26% af nýbúum sem hófu framhaldsnám lokið því og eftir sex ár er hlutfallið 31%. Á Norðurlöndunum hafa 39% - 65% lokið framhaldsskóla á skilgreindum tíma, sem er þrjú ár í öllum löndunum. Á öllum Norðurlöndunum standa næsta kynslóð innflytjenda betur að vígi nema á Íslandi, en hér á landi er hlutfallið enn lægra, aðeins einn af hverjum fimm sem hefja nám ljúka því eftir sex ár. (Box A2.2, bls. 64)


**Hlutfall innflytjenda sem ljúka framhaldsskólaprófi á skilgreindum tíma**

		1. kynslóð	2. kynslóð
Ísland	N (4 ár)	26	20
	N + 2	31	20
Danmörk	N (3-4 ár)	46	50
	N + 2	47	64
Noregur	N (3 ár)	39	55
	N + 2	52	68
Svíþjóð	N (3 ár)	65	68
	N + 2	74	76
Finnland	N (3 ár)	56	62
	N + 2	70	78


### Horfur eru á fjölgun framhaldsskólamenntaðra

OECD reiknast svo til að brautskráningarhlutfall úr framhaldsskóla sé 95%, en það þýðir að miðað við hvernig brautskráningar dreifast á alla aldurshópa þá má gera ráð fyrir að 95% af þeirri kynslóð sem

er að hefja nám í dag mun einhvern tíma á lífsleiðinni ljúka framhaldsskólaprófi.<sup>2</sup> Þetta er nokkuð mótsagnakennd staða, þar sem aðeins 58% ljúka eftir sex ár og menntunarstig 25-34 ára er aðeins 75%. (Tafla A2.1a)



Ein skýringin er sú að fleiri ljúka framhaldsskóla seinna á ævinni en annars staðar. Einn af hverjum fimm af þeim sem ljúka framhaldsskólanámi á Íslandi eru eldri en 25 ára. Hlutfallið er yfir tíu prósentum Danmörku, Noregi, Finnlandi og Hollandi. Meðalaldur þeirra sem útskrifast innan OECD er um 20 ár en á Íslandi er meðalaldurinn 23 ár, af bóknámsbrautum er aldurinn 21 ár en 26 ár af starfsnámsbrautum. Hár meðalaldur útskrifaðra af starfsnámsbrautum er ekki einsdæmi því að í Danmörku og Noregi er meðalaldurinn 28 ár og í Finnlandi 29 ár. (Tafla 2.1a)



## Þróun menntunarstigs til 2025

OECD áætlar að 60% ungs fólks má eiga von á því að ljúka háskólanámi á Íslandi ef miðað er við brautskráningarhlutfallið eins og það stóð árið 2012.<sup>3</sup> Þetta þýðir ekki að innan nokkurra ára muni 60% landsmanna vera komnir með háskólapróf. Til að glöggva sig á hvernig menntunarstaða

<sup>2</sup> Þar sem brautskráningarhlutfallið er samanlagt hlutfall fyrir hvert aldursár þá getur það orðið mjög hátt og jafnvel yfir 100%. Það gerist þegar aukin aðsókn verður að menntun og aukning á menntunarstigi, eins og útskýrt er í kaflanum um þróun menntunarstigs.


<sup>3</sup> Mismunurinn á milli brautskráningarhlutfallsins eins og það er gefið upp sem er 62% og 60% sem hér er notað er sú að 2% af brautskráningum eru erlendir nemendur sem sækja prófgráður til Íslands.



Þjóðarinnar mun þróast er hægt að skoða hvernig hún hefur verið að breytast á undanförunum árum. Hlutfall háskólamenntaðra hefur hækkað jafnt og þétt á sama tíma og hlutfall þeirra sem hafa ekki lokið framhaldsskóla hefur farið lækkandi. Ef þróunin frá 2000 til 2012 heldur áfram næstu 10 – 15 árin og að því gefnu að ekkert annað hefur áhrif á þróunina þá eru 95% líkur á því að 44% fullorðinna á aldersbilinu 25 – 64 ára verði með háskólapróf árið 2025.

Á sama tíma fer þeim sem ekki hafa lokið framhaldsskóla fækkandi. Miðað við núverandi þróun stefnir í að 18% hafi ekki lokið framhaldsskóla árið 2025 í samanburði við 29% árið 2012.

**Þróun menntunarstigs háskólamenntaðra 25 - 64 ára til 2025.**



Myndin skýrir hið háa brautskráningarlutfall á Íslandi bæði á háskólastigi og framhaldsskólastigi. Á meðan að hlutfall háskólamenntaðra fer hækkanði og grunnskólamenntaðra lækkandi þá má búast við að brautskráningarlutfallið haldist hátt bæði á framhalds- og háskólastigi. Ef engin fjölgun væri meðal háskólamenntaðra, þ.e. hlutfall þeirra héldist jafnt yfir lengri tíma, þá væri brautskráningarlutfallið jafnt hlutfalli háskólamenntaðra.

## Útgjöld til menntamála.

### Útgjöld á hvern nemanda

Á Íslandi eru árleg útgjöld á hvern nemanda að meðaltali yfir öll skólastig lægst af öllum Norðurlöndunum og aðeins undir meðaltali OECD. Þá er meðtalinn kostnaðurinn vegna reksturs skólastofnana, þ.m.t. rannsókn og þróun, styrkir og lán sem renna til nemenda og heimila undanskilin. Útgjöldin eru mjög misjöfn eftir skólastigum. Útgjöld á hvern nemanda á leikskólastigi er næst hæst á Norðurlöndunum á eftir Danmörku, og útgjöldin á hvern nemanda í grunnskóla eru sömuleiðis næst hæst á eftir Noregi og þau sjöttu hæstu innan OECD (8.296 USD). Aftur á móti á unglingastigi grunnskóla eru útgjöldin þau lægstu á Norðurlöndunum. (Tafla B1.1a)


Árleg útgjöld til reksturs skólastofnana á hvern nemanda eftir skólastigum og löndum 2011

	Leikskóli	Grunnskóli (1.-7. bekkur)	Grunnskóli (8.-10. bekk)	Framhaldsskóli	Háskóli (með R&D)	Meðaltal
Ísland	9.138	10.339	10.160	7.461	8.612	9.180
Danmörk	14.148	9.434	10.971	10.908	21.254	12.136
Noregur	7.283	12.459	12.769	14.838	18.840	14.288
Svíþjóð	6.915	10.196	10.824	11.023	20.818	12.391
Finnland	5.700	8.159	12.545	8.467	18.002	10.905

Kostnaður í USD (miðað við PPP) og á verðlagi 2011; R&D útgjöld meðtalinn.

Útgjöld vegna framhaldsskólanema er lægst af Norðurlöndunum og vel undir meðaltali OECD (9.506 USD). Mestu munar á háskólastigi þar sem útgjöld vegna hvers nemanda er meira en helmingi minni á Íslandi miðað við Norðurlönd og vel undir meðaltali OECD (9.635 USD).


Árleg útgjöld á hvern nemanda eftir skólastigum og löndum 2011



Samanburður á útgjöldum til háskólastigsins er erfiður af ýmsum ástæðum. Einn þáttur sem getur haft áhrif er misjöfn lengd háskólanáms. Í löndum þar sem nemendur eru að öllu jöfnu lengur við nám má búast við að heildarkostnaður sé hærri þótt árlegur kostnaður sé lægri. Á Íslandi var meðallengd háskólanáms 4,5 ár, sem þýðir að uppsafnaður kostnaður háskólanema á Íslandi var

38.668 USD árið 2011. Í Danmörku var meðallengd náms 5.2 ár og uppsafnaður kostnaður 110.520 USD. Í Svíþjóð var meðallengd náms mjög svipuð og á Íslandi en uppsafnaður kostnaður 98.890 USD. Meðaltalskostnaður OECD var 58.450 USD. Að því gefnu þá dregur heldur í sundur með Íslandi og hinum Norðurlöndunum hvað varðar kostnað á hvern nemanda. (Tafla B1.3a og mynd B1.4, bls. 209)

#### Uppsafnaður kostnaður á hvern nemanda miðað við meðaltalslengd náms í háskóla (2011)



Aths: Hver reitur í súlunni er eitt ár af námslengd nemenda í háskólanámi. Hæð hvers reits sýnir kostnað á hvert ár. Fjöldi reita er meðaltalsfjöldi ára sem nemandi stundar nám í háskóla. Hæð súlu er samtals útgjöld yfir allan námstímann.


Annar mælikvarði sem EAG notar til að bera saman kostnað á milli landa er að skoða útgjöld sem hlutfall af vergri landsframleiðslu. Heildarútgjöld til reksturs skólakerfisins á Íslandi er 7,7% af vergri landsframleiðslu. Þar er Danmörk efst af OECD löndunum og Ísland næst á eftir. Stærstur hluti er vegna grunnskóla (1. – 10. bekk), aðeins Bretland er með hærra hlutfall. Hlutfall vegna háskóla er 1,2% á Íslandi, sem er lægra en á Norðurlöndunum og lægra en meðaltal OECD, sem er 1,6%. (Tafla B2.1)

#### Heildarútgjöld vegna skólastofnana sem hlutfall af VLF eftir löndum 2011

	Leikskóli	Grunnskóli	Framhaldsskóli	Háskóli	Alls
<b>Ísland</b>	1,0	3,6	1,3	1,2	7,7
<b>Danmörk</b>	1,4	3,1	1,3	1,9	7,9
<b>Noregur</b>	0,6	3,3	1,6	1,7	7,5
<b>Svíþjóð</b>	0,7	2,6	1,3	1,7	6,3
<b>Finnland</b>	0,4	2,5	1,6	1,9	6,5

Útgjöld vegna kennslu og reksturs skóla (core services)

### Heildarútgjöld þjóðarbúsins vegna skólafnana sem hlutfall af VLF eftir löndum 2011




EAG lítur einnig á útgjöld hins opinbera til menntamála. Útgjöld til menntamála sem hlutfall af heildarútgjöldum hins opinbera til menntamála var 15,5% á Íslandi. Meðaltal OECD var 12,9% og Ísland var í sjötta sæti yfir hæsta hlutfallið. Á öllum Norðurlöndunum var hlutfallið lægra og næst hæst í Danmörku, 15,2%. Í töflunni er skipting útgjalda hins opinbera eftir skólastigum. Á Íslandi voru útgjöld hins opinbera 7,4%. Inni í þessum tölum er allur kostnaður vegna menntamála, einnig stuðningur við nemendur og heimili í formi styrkja, námslána o.fl. Undanskilinn eru bein útgjöld heimila vegna menntunar. Þess vegna er heildartalan fyrir öll skólastig hærrí á hinum Norðurlöndunum heldur á töflunni hér að ofan þar sem einungis eru talin með útgjöld vegna reksturs skólafnana. (Tafla B4.1)

### Heildarútgjöld hins opinbera til menntamála 2011

	Leikskóli	Grunn- og framhaldsskóli	Háskóli	Öll skólastig
Ísland	0,7	4,8	1,4	7,4
Danmörk	1,4	4,7	2,4	8,7
Noregur	0,5	5,3	2,8	8,9
Svíþjóð	0,7	4,1	2,0	6,8
Finnland	0,4	4,2	2,2	6,8


Meðtalinn stuðningur við nemendur og heimili, t.d. námslán, R&P

### Heildarútgjöld hins opinbera til menntamála 2011




## Þróun útgjalda á háskólastigi

EAG hefur verið að fylgjast með þróun útgjalda og hvernig fjármálakreppan 2008 hefur haft áhrif á útgjöldin. Á Íslandi hafa áhrifin orðið mest á háskólastigi. Myndin sýnir hlutfallslegar breytingar á útgjöldum á hvern nemanda miðað við 2005. Til 2008 héldust útgjöld nokkuð stöðug en á árunum 2009 til 2011 þá varð samdráttur um 16% á verðlagi ársins 2005. Samdráttur varð sömuleiðis í Noregi en aukning annars staðar. Miðað er við útgjöld til skólastofnana, þ.m.t. rannsóknir og þróun, en ekki námslán. (Tafla B1.5a).




Að meðaltali hækkuðu útgjöld um 10 prósentustig innan OECD. Í sex löndum auk Íslands lækkuðu útgjöld. Á myndinni er sýnt sambandið á milli breytinga á útgjöldum á hvern nemanda á háskólastigi og árlegra útgjalda á hvern nemanda. Ísland er í nokkurri sérstöðu þar sem árleg útgjöld eru lág og lækkun var hvað mest. (Mynd B1.5, bls. 211)



Önnur athyglisverð mynd úr skýrslunni sýnir sambandið á milli útgjalda á hvern nemanda á háskólastigi og vergrar landsframleiðslu á mann. (Mynd B1.2b, ekki birt í skýrslunni, en á vef OECD.)

### Sambandið á milli útgjalda á hvern nemanda á háskólastigi og VLF/mann 2011



Heimild: OECD. Tölur B1.1a, B1.4 og Annex 2.

Myndin sýnir að það er ákveðin fylgni á milli VLF á mann (auðlegðar þjóðar) og útgjalda á hvern nemanda. Ísland sker sig úr að því leyti að ekkert land eyðir minna á hvern nemanda miðað við VLF á mann (fjarlægð frá meðaltalslínunni). Þau lönd þar sem útgjöld á hvern nemanda eru sambærileg við Ísland eru með mun lægri VLF á mann, þ.e. lönd í austur Evrópu.

## Yfirlit yfir nokkra helstu tölur fyrir Ísland - samanburður við OECD.

Tafla í EAG	Mælikvarði	Ísland		OECD meðaltal		Röð innan OECD
<b>Aðsókn og árangur skólakerfisins</b>						
	Innritunarhlutfall	2012	2005	2012	2005	
C2.1	3 ára börn í leikskóla	96%	94%	70%	64%	4 af 38
	4 ára börn í leikskóla	96%	95%	84%	79%	11 af 39
	5 - 14 ára í skóla	99%		98%		17 af 45
	Hlutfall af mannfjölda sem hefur ekki lokið framhaldsskólaprófi	2012	2000	2012	2000	
A1.4a	25 - 64 ára	29%	44%	24%	30%	8 af 36
	Hlutfall af mannfjölda sem hefur lokið framhaldsskólaprófi	2012	2000	2012	2000	
A1.4a	25 - 64 ára	36%	32%	44%	44%	28 af 37
	Hlutfall af mannfjölda sem hefur lokið háskólaprófi	2012	2000	2012	2000	
A1.3a	25 - 64 ára	35%	24%	33%	27%	18 af 37
	25 - 34 ára	38%	30%	40%	33%	24 af 37
A1.4a	55 - 64 ára	25%	13%	25%	20%	19 af 37
	Innritunarhlutfall í háskólanám	2012	2000	2012	2000	
C3.1a	Í fræðilegt háskólanám, undir 25 ára aldri	66%	m	82%	m	34 af 36
	Brautskráningarhlutfall	2012	2000	2012	2000	
A2.1a	Hlutfall ungs fólks sem má vænta þess að ljúka framhaldsskólaprófi á lífsleiðinni	95%	m	84%	m	2 af 31
A3.1a	Hlutfall ungs fólks sem má vænta þess að ljúka háskólaprófi á lífsleiðinni	60%	33%	38%	36%	1 af 28
<b>Ávinningur menntunar fyrir efnahagslíf og vinnumarkað</b>						
	Atvinnuleysi 25 - 64 ára, bæði kyn	2012	2008	2012%	2008	
A5.4b	Með grunnskólapróf	7%	2%	14%	9%	27 af 36
	Með framhaldsskólapróf (og viðbótarnám á framhaldsskólastigi)	4%	m	8%	5%	30 af 37
	Með háskólapróf	3%	m	5%	3%	27 af 37
	Atvinnuleysi 25 - 64 ára, konur	2012	2008	2012%	2008	
A5.4d	Með grunnskólapróf	8%	m	13%	9%	25 af 36
	Með framhaldsskólapróf (og viðbótarnám á framhaldsskólastigi)	m	m	9%	6%	m
	Með háskólapróf	m	m	5%	4%	m
	Hlutfall 15 - 29 ára sem eru ekki í vinnu né í skóla eftir menntunarstigi	2012	2008	2012	2008	
C5.4d	Með grunnskólapróf	9%	5%	15%	14%	30 af 36
	Með framhaldsskólapróf (og viðbótarnám á framhaldsskólastigi)	8%	m	16%	14%	31 af 35
	Með háskólapróf	m	m	13%	11%	m

Tafla í EAG	Mælikvarði	Ísland		OECD meðaltal		Röð innan OECD
<b>Fjárfesting í menntun</b>						
	Árleg útgjöld á hvern nemanda (í USD, miðað við PPP)	2011		2011		
B1.1a	Leikskóla	9138		7428		7 af 37
	Grunnskóla, yngsta- og miðstig, 1. - 7. bekk	10339		8296		6 af 39
	Framhaldsskóla	8470		9280		22 af 39
	Háskóla	8612		13958		28 af 37
	Heildarútgjöld til skóla sem hlutfall af VLF	2011	2000	2011	2000	
B2.1	Sem hlutfall af VLF	8%	7%	6%	5%	2 af 38
	Heildarútgjöld hins opinbera til menntamála	2011	2000	2011	2000	
B4.1	Sem hlutfall af heildarútgjöldum hins opinbera	16%	16%	13%	13%	25 af 34
	Útgjöld heimila til fræðslumála	2011		2011		
B3.1	Leikskólar	24%		19%		9 af 34
	Grunn- og framhaldsskólar	4%		9%		29 af 37
	Háskólar	9%		31%		31 af 35
	Öll skólastig	10%		16%		25 af 34
<b>Skólar og kennarar</b>						
	Fjöldi nemenda á hvern kennara	2012		2012		
D2.2	Leikskóla	6		14		30 af 31
	Grunnskóla	10		15		35 af 37
	Framhaldsskóla	11		13		27 af 34
	Fjöldi klukkustunda sem nemendur fá í kennslu á ári	2012	2000	2012	2000	
D4.2	Leikskóla	1646		1001		2 af 29
	Grunnskóla, yngsta- og miðstig	624	629	782	780	29 af 29
	Grunnskóla, unglíngastig	624	629	694	697	20 af 34
	Framhaldsskóla	544	464	655	628	28 af 34
	Hlutfallsleg breyting á launum kennara með 15 ára starfsreynslu (2000 = 100)	2012	2008	2012	2008	
D3.5	Leikskólar	96	104	103	103	19 af 27
	Grunnskólar, unglíngastig	96	104	102	103	17 af 26
	Framhaldsskólar	87	105	101	103	23 af 26